

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1991

5. júlí 1991

625

Nr. 332

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Gjöldin eru án virðisaukaskatts.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kWst.	Ársgreiðslur	
A – Almenn notkun.				
A	Með fastagjaldi	6,67	1 976,00	kr/ár
B – Heimilisnotkun o. fl.				
B1.	Heimilisnotkun	5,06	2 075,00	kr/ár
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	8,78	3 094,00	kr/ár
C - Vélanotkun.				
C3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,88	6 098,00	kr/kW/ár
	Fastagjald	21 892,00	kr/ár	
D - Húshitun.				
D1.	Án rofs	4,79	3 334,00	kr/ár
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	2,58	3 334,00	kr/ár
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	2,34	3 334,00	kr/ár
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	1,47	3 334,00	kr/ár
D6.	Sumarhitun rof 3 klst. á dag	1,80	3 334,00	kr/ár
D7.	Rof breytilegt	2,13	3 334,00	kr/ár
E - Annað.				
E1.	Sérsamningar			
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		22 010,00	kr/kVa/ár
E3.	Lokun og enduroppnun veitu		1 405,00	kr
Mæla- og rofaleiga.				
10	Einfasa		355,00	kr/ár
11	Einfasa með liða		1 830,00	kr/ár
20	Prífasa		1 348,00	kr/ár
21	Prífasa með liða		2 713,00	kr/ár
24	Prífasa með straumspenni		3 461,00	kr/ár
30	Prífasa með aflmæli		2 172,00	kr/ár
31	Prífasa með aflmæli og straumspenni		4 213,00	kr/ár
32	Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.			

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

- A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.

B 45

- B2. Til véla- og vinnuljósá, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaða flutningsgetu tengla er verða 3×32 A og 3×50 A 3×63 A og 3×125 A 380 V.
- C3. Til atvinnu með meira en 40kW ársafli. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafli reiknast hæsta meðalafli á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxa, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fasta-gjald.

Hitanotkun.

- D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
- a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsocka).
 - b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
 - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
 - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
 - f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
 - g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, án þess að notkun sé hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14,5 klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafnmikið afl órofið.
- D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

- E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu rafveitunefndar.
- E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.
- E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxa á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxa B2. Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxa innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
- E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasvixsstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasvixsstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 53 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem fer niður fyrir slíkt lágmark.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárlíður	Málstraumur 220 V	Aðalvari 380 V kerfi	Flutningsgeta miðað við stærð aðalvara	Tengigjald jarðstrengs- heimtaugar allt að 15 m
nr.	amp.	amp.	kVa.	kr.
2.01	2 × 35	1 × 35	7	22 600,00
2.02	2 × 60	1 × 60	13	26 800,00
2.03	3 × 60		22	32 500,00
2.04	3 × 100	3 × 60	38	45 700,00
2.05		3 × 100	66	66 000,00
2.06	2 × 200		76	73 300,00
2.07	3 × 350	3 × 200	132	116 000,00
2.08		3 × 350	231	190 000,00
2.09	Bráðabirgðaheimtaug		1 × 35 Amp.	8 350,00
2.10	Bráðabirgðaheimtaug		3 × 35 Amp.	16 000,00
2.11	Bráðabirgðaheimtaug		3 × 60 Amp.	28 300,00
2.12	Tenging v/Akranseshöfn			1 820,00
2.13	Yfirlengd heimtaugar (973,00+9,73×kVa) kr./m			

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárlíður	Stærð spennis	
nr.	kVa	kr.
3.01	150	150 000,00
3.02	300	221 000,00
3.03	500	447 000,00
3.04	600	513 000,00
3.05	800	683 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði augin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar lagningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur 24,5%, nema á húshitun, sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 4, 2. janúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 5. júlí 1991.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í
togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við úthafs-rækjuveiðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar. Sama gildir við rækjuveiðar fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 22°V.

Við notkun leggþoka samkvæmt 2. og 3. mgr. er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1991.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.